

Reykjavík, 29. október 2009.

Hr. Dominique Strauss Khan
framkvæmdastjóri
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Washington, D.C., 20431

U.S.A.

Ágæti Strauss Kahn:

Íslenska þjóðin stendur nú frammi fyrir miklum erfiðleikum. Þeir erfiðleikar orsakast að hluta til vegna alheimskreppunnar. Ástæðan fyrir stærð vandamálsins á Íslandi er sú að íslenskir bankar, sem voru einkavæddir m.a. í samrými við stefnu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins snemma á þessari öld, tefldu allt of djarft. Mjög ámælisvert er að þessi þróun hafi átt sér stað án þess að íslensk stjórnvöld hafi gripið í taumana. Í kjölfar bankahrunsins leituðu íslensk stjórnvöld til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um aðstoð í október 2008.

Við, undirrituð, teljum vafa undirorpið að sú samvinna sem Ísland hefur tekið upp við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sé íslenskri þjóð til hagsbóta og viljum fá úr því skorið. Það er að renna upp fyrir okkur að stefna sjóðsins er öðru fremur að skuldsetja íslensku þjóðina til að gæta hagsmuna fjármagnseigenda. Ábyrgð Íslendinga er mikil og það er okkar að koma í veg fyrir að komandi kynslóðir verði skuldsettar með þeim hætti að þær geti ekki staðið í skilum. Sem almennir borgarar á Íslandi förum við fram á skýr svör.

Skoðanakannanir sýna að meirihluti íslensku þjóðarinnar er andvígur frekara samstarfi við AGS. Þarna vegur þyngst sú staðreynd að AGS stillti íslenskum stjórnvöldum upp við vegg í Icesave-deilunni við Breta og Hollendinga. Það er óásættanlegt að alþjóðastofnun hagi sér á slíkan hátt, enda hefur þetta rúið sjóðinn því trausti sem hann hafði á Íslandi.

Þar sem hagsmunir heillar þjóðar og afkomenda okkar eru í húfi, förum við hér með fram á fund með þér, framkvæmdastjóra sjóðsins. Við viljum ræða við þig efnahagsáætlun AGS og fá skýringar á einstökum þáttum hennar. Við munum leggja fram rökstudda gagnrýni byggða á opinberum gögnum. Fundurinn getur farið fram í Reykjavík eða Washington eða annars staðar ef það hentar. Afar brýnt er að fundurinn fari fram sem allra fyrst og eigi síðar en 15. desember 2009.

Við, sem undir þetta bréf ritum, erum almennir borgarar á Íslandi. Við erum á öllum aldri, af báðum kynjum og styðjum mismunandi stjórnmálaflokka. Eftir efnahagshrunið sem varð sl. haust stóðum við fyrir opnum borgarafundum þar sem ráðherrar og þingmenn hafa mætt og svarað spurningum almennings milliliðalaust. Við teljum það heiður fyrir þig, framkvæmdastjóra AGS, að feta í fótspor fulltrúa elsta þjóðþings veraldar, Alþingis, og eiga með okkur opin og heiðarlegan fund.

Agnar Kr. Þorsteinsson, sérfræðingur í tölvuþjónustu atvinnulaus

Ásta Hafberg, verkefnastjóri Markaðsstofu Austurlands

Elías Pétursson, framkvæmdastjóri

Einar Már Guðmundsson, rithöfundur

Guðmundur Andri Skúlason, vélstjóri

Gunnar Skúli Ármannsson, læknir

Gunnar Sigurðsson, leikstjóri

Halla Gunnarsdóttir, alþjóðastjórnsmálafræðingur

Haraldur L. Haraldsson, hagfræðingur

Heiða B. Heiðarsdóttir

Helga Þórðardóttir, kennari

Herbert Sveinbjörnsson, kvikmyndargerðarmaður

Lára Hanna Einarsdóttir, þýðandi og leiðsögumaður

Lilja Mósesdóttir, alþingismaður

Ólafur Arnarson, rithöfundur og Pressupenni

Vinsamlegast sendið svar til:

Opinn Borgarfundur

c/o Gunnar Sigurðsson

Hólmgarði 27

108 Reykjavík

Ísland

Þpóstur: gus@mmedia.is